

Föstudaginn 20. mars 1987.

Nr. 95/1985.

Eðvarð Árnason

(Þórólfur Kr. Beck hrl.)

gegn

Jóhannesi Reynissyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Skuldamál. Framsal kröfu. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1985. Dómkröfur hans eru þær aðallega að málinu verði vísað frá héraðsdómi, til vara að héraðsdómur verði ómerktur og til þrautavara krefst hann sýknu af kröfum stefnda. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fram er komið að segulbandsupptaka sem hafði að geyma skýrslur aðila og framburð vitna hafði glatast er útbúa skyldi dómsgerðir í málinu. Var háð vitnamál dagana 6. og 19. mars 1986 þar sem aðilar og vitni komu fyrir dómara að nýju. Hafa dómsgerðir vitnamálsins verið lagðar fyrir Hæstarétt.

Fyrir Hæstarétt hefur áfrýjandi lagt fram ný gögn, beiðni Ólafs Axelssonar hæstaréttarlögmans fyrir hönd h/f Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar 20. janúar 1984 um að bú Sigurjóns E. Einarssonar Hávallagötu 46 hér í borg verði tekið til gjaldþrotaskipta, ásamt endurríti af árangurslausri fjárnámssgerð hjá Sigurjóni 12. desember 1983, úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur 3. apríl 1984 um töku bú Sigurjóns E. Einarssonar til gjaldþrotaskipta svo og kvaðningu til Sigurjóns til þinghalds í skiptarétti Reykjavíkur 21. maí 1984.

Frávísunarkröfu sína byggir áfrýjandi á því að efni málsins fullnægi ekki skilyrðum laga nr. 97/1978 um að það mætti höfða sem áskorunarmál. Skuld sú sem áfrýjandi sé krafinn um hafi ekki verið

fallin í gjalddaga. Auk þess hafi málið verið vanreifað af hendi stefnda, einkum um vexti og upphafstíma þeirra. Því hafi héraðsdómara borið að vísa málinu frá dómi eða sýkna áfrýjanda að svo stöddu.

Kröfu sína um að héraðsdómur verði ómerktur reisir áfrýjandi á því að hann hafi ekki fengið nægar leiðbeiningar héraðsdómara sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Þannig hafi hann lagt fram dómkröfur sínar án þess að hafa fengið leiðbeiningar héraðsdómara er borið hafi að leiðbeina honum um að bera fram frávisunarkröfu. Þá hafi skort leiðbeiningar um efnisleg mótmæli og mótmæli gegn vaxta-kröfu. Einnig hafi dómara borið að leiðbeina honum um varnir byggðar á aðildarskort. Þá sé fram komið að með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur hafi bú Sigurjóns E. Einarssonar verið tekið til gjaldþrotaskipta. Framsal Sigurjóns á kröfunni til stefnda hafi því farið fram eftir frest dag sbr. ákvæði 1. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 og allt bendi til að framsalið hafi farið fram eftir að gjaldþrotaráskurðurinn var kveðinn upp. Hafi héraðsdómara því borið að fresta málinu ex officio og kanna afstöðu þrotabúsins til þess. Er því einnig haldið fram að héraðsdómari hafi ekki lagt dóm á þá málsástæðu áfrýjanda sem byggð var á aðildarskort.

Stefndi hefur mótmælt kröfum áfrýjanda um frávisun og ómerkingu.

Héraðsdómari vék málinu til almennrar meðferðar er varnir komu fram af hendi áfrýjanda sbr. 9. gr. laga nr. 97/1978. Þegar af þeirri ástæðu verður málinu ekki vísað frá héraðsdómi vegna þess að ekki hafi mátt höfða það sem áskorunarmál. Þá verður málinu ekki vísað frá héraðsdómi sökum þess að það sé vanreifað. Samkvæmt þessu er frávisunarkröfu áfrýjanda hrundið.

Áfrýjandi sótti þing við þingfestingu málsins 11. október 1984 og var þá skráð í þingbók: „Dómarinn gætti leiðbeiningarskyldu sinnar, þ.á m. brýndi hann fyrir mætta hverju það varðaði ef þingsókn félli niður af hans hálfu.“ Áfrýjandi fékk frest til að rita greinargerð til 1. nóvember og síðan framhaldsfrest í sama skyni til 8. nóvember og var í bæði skiptin fært til þingbókar að dómarinn hefði gætt leiðbeiningarskyldu sinnar. Í greinargerð, sem áfrýjandi lagði fram í síðara þinghaldinu, komu fram kröfur hans og málsástæður. Er ekki fram komið að leiðbeiningum dómarafulltrúa

þeirra og héraðsdómara sem með málið fóru hafi verið áfátt um formhlið eða efni máls sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Héraðsdómari hafnaði málsástaðu áfrýjanda, sem byggð var á aðildarskortu, á þeim grundvelli að hún væri of seint fram komin gegn mótmælum stefnda. Samkvæmt þessu verður ómerkingarkrafa áfrýjanda ekki tekin til greina.

Sýknukröfu sína byggir áfrýjandi á því að með skuldajafnaðarkröfu þeirri, sem hann hafði uppi í héraði, sé krafa stefnda fallin niður. Þá er sýknukrafan einnig byggð á því að stefndi sé ekki réttur aðili málsins heldur beri þrotabúi Sigurjóns E. Einarssonar sakaraðild.

Ágreiningsefni máls þessa á rætur sínar að rekja til þess að rift var kaupum Sigurjóns E. Einarssonar á húseign áfrýjanda. Hefur áfrýjandi haldið því fram að umrædda fjárhæð skyldi hann greiða án vaxta er hann væri búinn að koma fjárhag sínum í lag eftir að fjárhagsörðugleikar hans vegna riftmarinnar væru um garð gengnir, en sýnilegt hafi verið að þeir mundu standa í nokkurn tíma. Heldur áfrýjandi því fram að krafan sé enn ekki í gjalddaga fallin. Hefur hann einnig mótmælt kröfu stefnda um vanskilavexti svo og um viðskeytingu vaxta við höfuðstól.

Stefndi kveður í raun hafa verið gengið út frá því að áfrýjandi greiddi umrædda fjárhæð þegar hinn 5. ágúst 1982. Áfrýjandi hafi ekki haft fé handbært og það þá orðið að munnlegu samkomulagi þeirra að hann greiddi fjárhæðina þegar hann seldi húsið á ný.

Ósannað er að framsal Sigurjóns E. Einarssonar til stefnda á kröfunni á hendur áfrýjanda hafi verið málamyndagerningur. Samkvæmt því og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta niðurstöðu hans um skyldu áfrýjanda til að greiða stefnda höfuðstól dómkröfu hans.

Eins og atvikum málsins er háttað þykir mega líta svo á að áfrýjanda hafi borið að greiða umrædda fjárhæð er hann seldi húseignina nr. 23 við Hegranes á ný, en það var hinn 13. október 1982 samkvæmt makaskiptasamningi áfrýjanda og Jóhönnu Benediktsdóttur.

Fyrir héraðsdómi krafðist stefndi dómvaxta frá 1. október 1984 en þann dag var héraðsdómstefna birt áfrýjanda. Verður héraðsdómur staðfestur, þó þannig að upphafstími vaxta verður 13. október 1982 og einungis dæmda dómvexti má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 24. janúar 1986.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað. Áfrýjandi greiði stefnda 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Eðvarð Árnason, greiði stefnda, Jóhannesi Reynissyni, 50.000,00 krónur með 37% ársvöxtum frá 13. október 1982 til 1. nóvember 1982, 45% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 7. janúar 1985, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 24. janúar 1985 og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Dómvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 24. janúar 1986.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað. Áfrýjandi greiði stefnda 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meirihlutans að öðru leyti en því, að ég tel að upphafstími vaxta eigi að vera 5. ágúst 1982, svo sem í héraðsdómi er ákvarðað. Þá tel ég að vaxtavexti beri að reikna frá stefnubirtingardegi í héraði, hinn 1. október 1984, sbr. 1. gr. laga um dómvexti nr. 56/1979, þannig að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. október 1985.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. janúar 1985.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Jóhannes Reynisson 5092-4181, Vesturbergi 78 Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með áskorunarstefnu birtri

1. október 1984 á hendur Eðvarði Árnasyni 1690-1946, Nönnugötu 10 Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 50.000,00 með 37% ársvöxtum frá 5. ágúst 1982 til 1. nóvember 1982, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1984, en síðan með dómvöxtum til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að vextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti og myndi þannig nýjan höfuðstól er beri sömu vexti og að framan greinir. Loks er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar.

Stefnandi byggir kröfur sínar á svohljóðandi yfirlýsingu, dags. 5. ágúst 1982.

Við undirritaðir, Eðvarð Árnason nefndur seljandi, og Sigurjón Einarsson nefndur kaupandi á einbýlishúsinu nr. 23 við Hegranes í Garðakaupstað, höfum orðið ásáttir um riftun á kaupsamningi dags. 15.6. 1982 vegna Hegraness 23, Garðakaupst. Seljandi greiðir kaupanda kr. 50.000,00 til baka, þær framkvæmdir sem kaupandi hefur nú þegar framkvæmt á húsinu verða eign seljanda eftir þennan dag. Húsið rýmist þegar seljandi óskar.

Stefnandi kveðst hafa fengið kröfu Sigurjóns Einarssonar samkvæmt yfirlýsingunni framselda 24. mars 1984.

Samkvæmt greinargerð stefnda byggir hann á skuldajöfnuði. Hann kveður kaupunum hafa verið rift vegna vanefnda kaupanda og segir þær hafa leitt til keðjuverkandi vanskila og kostnaðar af sinni hálfu, m.a. hafi hann orðið að greiða sölulaun vegna kaupanna, kr. 12.000,00. Þá bendir stefndi á að kaupandinn hafi ekki greitt húsaleigu, sem stefndi telur hæfilega ákveðna kr. 18.000,00 fyrir mánuðina júní, júlí og ágúst 1982. Loks telur stefndi riftunina hafa leitt til óhagkvæmari sölu síðar meir vegna tímaskorts.

Aðilar hafa gefið aðilaskýrslur og leitt vitni. Við munnlegan málflutning byggði stefndi, auk ofangreindra ástæðna, aðallega á aðildarskorti. Hann kvaðst telja að framsalið til stefnanda væri málamyndaframsal sem gert hefði verið eftir 3. apríl 1984, en þá hefði Sigurjón verið úrskurðaður gjaldþrota. Af hálfu stefnanda var því mótmælt að þessi málsástæða kæmist að, og sérstaklega var þeirri staðhæfingu mótmælt sem ósannaðri að Sigurjón hefði verið úrskurðaður gjaldþrota. Sigurjón hafi komið fyrir dóminn sem vitni fyrir í þinghaldinu en ekki verið spurður um þessi atriði. Á stefnda var að skilja að honum hefði lengi verið kunnugt um þessi atvik, en ekki kvaðst hann vita hvort gerð hefði verið riftunarkrafa skv. gjaldþrotaskiptalögum.

Á það verður að fallast með stefnanda að málsástæða þessi sé of seint fram komin. Stefndi þykir ekki hafa sýnt fram á að framsalið hafi verið

gert til málamynda eða síðar en í yfirlýsingunni greinir, og engin gögn hafa komið fram um að því hafi verið riftað eða að það sé riftanlegt. Samkvæmt þessu verður þessi málsástæða ekki tekin til greina.

Sigurjón greiddi kr. 100.000,00 skömmu eftir undirskrift kaupsamnings, en efndi að öðru leyti ekki greiðsluákvæði samningsins. Hann fékk íbúðina afhenta og virðist hafa búið í henni frá því um miðjan júní og fram í ágúst eða september. Á þessum tíma gróðursetti hann trjaplöntur, lagði þökur á hluta lóðar, lagði teppi á stofugólf og skála og málaði íbúðina að innan að hluta.

Vitnið Þorlákur Einarsson sölumaður, sem samdi texta skuldaviðurkenningarinnar og aðstoðaði aðila kaupsamningsins við samningsgerð og riftun, segir að rætt hafi verið ítarlega um öll atriði skuldaskilanna, m.a. um afnot og endurbætur. Hann sagði að ef sig minnti rétt hefði húsaleiga verið reiknuð inn í þær kr. 50.000,00 sem stefndi hélt eftir. Hann var spurður um hvort afstaða hefði verið tekin til endurbóta Sigurjóns á eigninni. Hann kvað liggja ljóst fyrir að ætlun aðila hafi verið að ganga endanlega frá skiptum sínum varðandi húsakaupin með skuldayfirlýsingunni og greiðslu skv. henni.

Stefndi hafði greitt sölulaun 15. júní 1982 með ávísun, en hún hafði ekki verið innleyst þegar samningnum var riftað. Stefndi kveðst hafa álitnið að sölulaun yrðu endurgreidd þegar hann samdi við Sigurjón um að kaupin gengju til baka. Fyrir öðrum kostnaði hefur engin grein verið gerð.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið og öðrum atvikum þykir verða að álita að ætlun aðila kaupsamningsins hafi verið að samkomulag þeirra 5. ágúst 1982 fæli í sér endalegt uppgjör þeirra vegna húsakaupanna og riftunar á þeim, þá m. vegna afnota Sigurjóns af húsnæðinu og endurbóta hans á eigninni. Þótt stefnandi hafi ranglega álitnið að sér bæri endurgreiðsla sölulauna þykir hann ekki eiga kröfu á hendur Sigurjóni af þeim sökum, enda er ekkert komið fram sem bendir til að Sigurjón hafi vakið ranga hugmynd hjá honum um þetta atriði.

Þegar samningurinn var gerður var óvíst hvernig til tækist um sölu á eigninni, en ekkert hefur komið fram um fyrirvara af hálfu stefnda varðandi tjón vegna lakari sölu eða vegna mismunar á verðmæti og söluverði. Þá þykir stefndi skv. almennum reglum samningaréttar ekki eiga rétt á bótum vegna eigin vanefnda.

Samkvæmt þessu þykir bera að fallast á það með stefnanda að hann eigi rétt á greiðslu í samræmi við ákvæði skuldarviðurkenningarinnar auk vaxta og málskostnaðar.

Í greinargerð sinni hagaði stefndi kröfugerð sinni þannig að hann krafðist til skuldajafnaðar nákvæmlega hins sama og stefnandi krefur í stefnu þá m. vanskilavaxta með sama upphafstíma og vaxtafæti. Að gefnu tilefni í framlögðu skjali innti dómarrinn sérstaklega eftir því í þinghaldi 15. janúar

sl., sem haft var til undirbúnings aðalmeðferð, hvort ágreiningur væri um vexti, og var því þá lýst yfir af beggja aðila hálfu að svo væri ekki. Við aðalmeðferð kom þó fram af hálfu stefnda að ætlun aðila hefði verið að ekki yrðu greiddir vextir af skuldinni. Vitnið Sigurjón staðfesti þennan skilning en sagði að ætlast hefði verið til að greitt yrði fljótlega og helst strax. Þegar greiðsludráttur var orðinn verulegur kvaðst hann hafa litið svo á að hann ætti rétt á vanskilavöxtum. Þegar þess er gætt að stefndi greiddi ekki á umsömdum greiðslutíma og að greiðsludráttur hefur orðið verulegur, þykir skuldareigandi nú eiga rétt á vanskilavöxtum frá þeim degi sem greindur er í skuldayfirlýsingunni eins og nánar greinir í dómsorði.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Eðvarð Árnason, greiði stefnanda, Jóhannesi Reynissyni, kr. 50.000,00 með 37% ársvöxtum frá 5. ágúst 1982 til 1. nóvember 1982, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 7. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 24. janúar 1985, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 25.000,00 í málskostnað.

Vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 5. ágúst 1983, og myndi þannig nýjan höfuðstól og beri vexti eins og að framan greinir.